

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Rafveitu Patrekshrepps nr. 264
30. júní 1976 með síðari breytingum.

Töflur 1 og 2 í gjaldskránni hljóði þannig:

Tafla I. — Orku- og aflverð, fastagjöld og mælaleigur.

Númer gjaldskrárl.	Heiti gjaldskrárliða með skýringum	Orkuverð kr/kWst.	Fastar greiðslur í kr.		Númer á mælal.
			Daggreiðslur	Ársgreiðslur	
A — LÝSING					
1.1.	Án fastagjalds	69,00			01
1.2.	Með fastagjaldi	36,80	0,69/m ²	252	01
1.3.	Götu- og hafnarlýsing	14,00			03
1.4.	Við íbúðarhússbyggingar	32,20			
B — HEIMILI					
2.1.	Með fastagjaldi	18,40	6,90/herbergi	2 519	01
C — IÐNAÐUR OG VERSLUN					
3.1.	Smávélar	36,80			02
3.2.	Stórnotkun	6,90	48,30/kW	17 630	04
D — HITUN					
4.1.	Án rofs	14,00	Með taxa B 2.1		
4.2.	Með rofi 1 kl/á dag	8,51	1 herbergi	34,50 12 593,00	01
4.3.	Með rofi 3 kl/á dag	3,91	2 herbergi	69,00 25 185,00	
4.5.	Með rofi 14 kl/á dag 10-24	1,96	3 herbergi	103,50 37 778,00	03
			4 herbergi	138,00 50 370,00	03
			5 herbergi	172,50 62 963,00	03
			Fleiri sleppt		
F — ANNAÐ					
5.1.	Sérsamningar				
5.2.	Lokun húsveitna og enduropnun		1 150 á reikning og eða útsendingu lokunar m		
MÆLALEIGUR					
01	Einfasa almenn án stjórn.		Daggreiðslur	Ársgreiðslur	
02	Einfasa með stjórn. og þrífasa án stjórn.		6,90/mælingu	2 519,00	
03	Þriggja fasa m/stjórn.		13,80/mælingu	5 037,00	
04	Þriggja fasa m/afmæli		20,70/mælingu	7 556,00	
			41,40/mælingu	15 111,00	

Tafla II. Tenging við veitukerfið/heimtaugagjöld.

Málstraumur stofnvara/spenna	Stofngjöld tenginga eða heimtauga kr.	Yfirlengdargjald eða kostnaður kr./m
63 amp. 220/380 volt	92 000	3 634
100 amp. 220/380 volt	146 050	4 209
125 amp. 220/380 volt	181 700	5 497
200 amp. 220/380 volt	287 500	6 314
300 amp. 220/380 volt	410 550	7 648

Tengingar með meiri flutningsgetu eða annarri spennu, greiðast samkvæmt kostnaði.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka gildi 1. nóvember 1977 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 27. október 1977.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Keflavíkur og Rafveitu Gerðahrepps.

I. RAFORKA

Rafveita Keflavíkur og Rafveita Gerðahrepps selja raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

- 1.1. Um kWst.-mæli á kr. 64.68 hver kWst.
- 1.2. Um kWst.-mæli á kr. 25.30 hver kWst., auk fastagjalds, er nemi kr. 281.75 á ári af hverri einingu gólfflatar í rúmi því, sem lýsa skal. Fyrir verslanir, vinnustofur og skrifstofur skal reikna 1 fermetra í hverri einingu, en fyrir geymslur og ganga 3 fermetra.

B. Almenn heimilisnotkun.

- 2.1. Um kWst.-mæli á kr. 16.17 hver kWst.

C. Vélanotkun.

- 3.1. Um kWst.-mæli á kr. 35.90 hver kWst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds kr. 6 444.70 á hvert uppsett kW vélanna.
- 3.2. Til fiskiðnaðar, með fasttengdum vélum kr. 14.70 hver kWst.
- 3.3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla við fisk-, kjöt- eða mjólkuriðnað er yfir 20 kW:
 - a. Um kWst.-mæli á kr. 10.36 hver kWst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar, um hádegið og síðdegis, en þó ekki lengur en 1½ klst. í senn. Notandi kosti klukkurofa fyrir vélalagnir eða tvígjaldsmæli, sem settur er til eftirlits með að rofið sé á tilsettum tíma.
 - b. Um tvígjaldsmæli á kr. 61.43 hver kWst. í 1½ klst. tvisvar sinnum á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó ekki lengur en 1 klst. í senn, en kr. 11.47 hver kWst. utan þess tíma.
- 3.4. Um mæli á kr. 13 259.40 fyrir hvert kW. mesta notaðs afls á árinu, mælt sem 15 mínútna meðalág og auk þess kr. 7.00 á notaða kWst.
- 3.5. Ef ekki eru tók á að mæla mesta notaða afl má selja þannig:

Um mæli á kr. 8 695.00 fyrir hvert uppsett kW. vélanna og auk þess kr. 7.00 á notaða kWst. Ef fasviksstuðull er lægri en 0.85 getur rafveitan krafist af notanda að hann sé hækkaður upp í það gildi.